

Ársskýrsla Málvísindastofnunar 2023

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Aðalfundur Málvísindastofnunar var haldinn 1. júní kl. 14:30 í Árnagarði. Boðið var upp á léttar veitingar. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. ársreikningar og ársskýrsla fyrir 2022 og umræður um ýmis mál. M.a. var rætt um sameiginlegt námskeið HÍ og háskólans í Konstanz sem til stóð að halda í apríl 2024 og möguleikana á því að Málvísindastofnun styrkti nema frá Íslandi til fararinnar. Óskað var eftir tilnefningum um fulltrúa doktorsnema í stjórn Málvísindastofnunar í stað Dagbjartar Guðmundsdóttur. Samþykkt var að Lilja Björk Stefánsdóttir doktorsnemi tæki sæti í stjórninni og tók hún strax við.

Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 34, þar af 9 doktorsnemar. Stofnunin hefur enga fasta aðstöðu en hefur aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs og þar er hluti af bókalager hennar geymdur, fyrir utan þær útgáfubækur sem Háskólaútgáfan sér um dreifingu á.

Styrkir og mótframlög

Málvísindastofnun greiddi mótframlag til verkefna vegna úthlutunar Nýsköpunarsjóðs námsmanna árið 2023 að upphæð 288.902 kr.

Einn meistaranemi í máltækni fékk ferðastyrk til að sækja erlenda ráðstefnu (Annika Simonsen) að upphæð 90.000 kr. Jafnframt voru veittir ferðastyrkir til fimm nemenda til Færeyjaferðar að upphæð 35.000 á hvern, alls 175.000 kr.

Ráðstefnur og málþing

Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins var haldin 28. janúar 2023 í Þjóðminjasafninu.

Félagið Mál og saga fékk 50.000 króna styrk frá Málvísindastofnun fyrir Ólafspingi sem var haldið 28. október 2023 í safnaðarheimili Neskirkju.

Rannsóknastofur innan Hugvísindasviðs

Rannsóknastofan Mál og tækni var formlega stofnuð innan vébanda Málvísindastofnunar á árinu (af c-gerð). Nýjar starfsreglur um fyrirkomulag rannsóknastofa innan Hugvísindasviðs tóku gildi 10. des. 2022 en þær ná m.a. yfir rannsóknastofur sem tilheyra Málvísindastofnun. Þar eru skilgreindar þrjár gerðir af rannsóknastofum: a) Formlegur vettvangur með umfangsmikinn rekstur, b) formlegur vettvangur sem er ekki með reglubundinn fjárhagslegan rekstur og c) óformlegur vettvangur.

Í lok árs voru rannsóknastofur Málvísindastofnunar eftirfarandi: Rannsóknastofa í táknafræðum, Rannsóknastofa í máltileinkun, Máltæknisetur og Mál og tækni.